

Orkustofnun
Skúli Thoroddsen
Grensásvegi 9
108 Reykjavík



Reykjavík 14. ágúst 2015
UST201508-059/B.S.
10.05.07

Efni: Umsókn um nýtingarleyfi - heitt vatn í landi Lýsuhóls. Umsögn


Vísað er til bréfs Orkustofnunar dags. 10. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda umsókn.


Til að unnt verði að gefa umsögn telur Umhverfisstofnun að gera þurfi frekari grein fyrir mögulegum áhrifum aukinnar vatnstöku á jarðhitasvæðið við Lýsuhól.

Ef þegar er búið að bora 18 holur á svæðinu má ætla að fyrir liggi upplýsingar um hvernig svæðið hafi brugðist við vinnslu til þessa og hvað áhrifa megi vænta af aukinni vantstöku um langt árabil.

Í samningi frá 1965 kemur fram að talið er að taka megi allt að 90° heitt vatn úr borholum á svæðinu. Umhverfisstofnun bendir á að nú er ráðgert að taka um 54° heitt vatn að magni (orkuígildi) sambærilegt við það sem ráðgert var að taka í samningi frá 1965. Stofnunin telur að áætlanir um vatnstöku þurfi ekki frekar að miðast við getu jarðhitasvæðisins frekar en væntingar í fyrrnefndum samningi.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri